



F U N D A R G E R ð

Stjórnarfundur mánudaginn 23 júní 2025 kl. 16.15 í Fíflholtum.

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Steinunn Magnúsdóttir, Finnbogi Leifsson, Eva Margrét Jónudóttir, Ómar Ö Kristófersson, Magni Grétarsson og Emil Sævarsson. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur.

Aldursforseti, Finnbogi Leifsson, setti fund.

2. Kosning formanns og varaformanns.

Finnbogi stakk upp á Kristni sem formanni. Samþykkt. Kristinn þakkaði traustið og stakk upp á Finnboga sem varaformann. Samþykkt.

3. Fundargerð síðasta fundar frá 20.maí 2025

Lögð fram en Finnbogi gerði athugasemd þar sem misförst að kjósa formann á fundi þann 20.05.

4. Þjónustusamningar við sveitarfélög á Vestfjörðum.

Framkvæmdastjóra falið ræða við Vestfirðinga um endurnýjun á þjónustusamningum.

5. Framkvæmdir og staða í Fíflholtum

a. Urðunarrein nr. fimm

Lagðar fram fundargerð verkfunda dags: 28.05.2025.

Farið í skoðunarferð um framkvæmdasvæði urðunarreinar nr. fimm. Reinin er að mestu frágengin en vinna stendur yfir við botninn. Gerð athugasemd við frágang á mön að austanverðu. Rætt um frágang á vinnusvæði.

6. Þjónustu- og starfsmannahúsnæði

Framkvæmdastjóri sagð frá fundi með Trésmiðjunni Akri.

7. Önnur mál

a. Skógrækt

Lagt fram yfirlit frá Sigur-garðar ehf. Plöntunaráætlun fyrir árið 2025 og greinargerð um stöðu ungra plantna á svæðinu. Þær koma mjög vel út.

b. **Rætt um slitlag** frá pípuhliði út að afleggjara að Akravegi. Rætt um að skoða með að fá verktaka til leggja burðarlag og svo klæðningu í framhaldinu. Framkvæmdastjóra falið að skoða það.

c. Vatnsveita Hraunhrepps.

Rætt um rekstur á vatnsveitunni.

d. Netsamband í Hraunhreppi.

Finnbogi sagði frá vinnu við að efla netsamband í Hraunhreppi. Rætt um möguleika þess að setja upp fjarskiptamastur uppi á hlöðunni í Fíflholtum. Stjórn gerir ekki athugasemdir við að það verði sett upp.

8. Fundarslit

Fundi slitið kl. 18:15

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir.